

Mættir: Júlíana Tyrfingsdóttir, Guðrún Hrafnhildur Klemenzdóttir, Hugrún Vignisdóttir og Sif Sigurðardóttir.

1. Skóladagatal. Starfsdagar samstilltir við grunnskóla eins og hægt er að verða við. Foreldraráð skilar inn skriflegu samþykki til fræðslunefndar.
 - a. Hver deild fær autt dagatal inn til sín og farið yfir með börnunum og komið með uppástungur um skemmtilega viðburði sem hægt sé að setja inn á skóladagatalið.
2. Foreldrakönnun skólapúlsins mun koma inn á næstunni. Búið að vera að vinna að ýmsu síðan síðasta könnun fór fram, haldið áfram að vinna í því sem vel gengur og bæta það sem þarf.
3. Húsnæði og tækjakostur. Leikskólinn nokkuð vel settur hvað tækjakost varðar, verið að endurnýja nokkrar tölvur og öðru haldið við. Húsnæði gott að mestu leyti. Góð hljóðvist. Leki komið fram í aðstöðu kennara sem verður skoðað.
4. Úttekt hjá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Tækifæri fyrir leikskólann að vera í þessari úttekt. Þarf að bæta leiksvæðið. Grasið hættulegt og getur orðið einn forarpyttur. Líklega fer ferlið hjá þeim í gang í lok september.
5. Þróunarverkefni leikskólans- Námsmat á mörkum skólastiga. A) TRAS og hvernig er verið að vinna út úr því. Allir meðvitaðir um það sem þarf að vera að gera og upplýsingum komið áfram á alla þá sem vinna með barninu. B) Starfsaðferðir þegar verið er að flytja börn á milli deilda. Misjafnar aðferðir, fer mikið eftir deildarstjórum. Margar góðar leiðir sem hægt er að samræma. Góð og flott vinna í kringum þetta sem hefur skilað góðum árangri. C) Foreldrasamtöl. Leggja áherslu á að þetta verði samtal og efla það. Verið að þróa ný foreldraviðtalsblöð þannig að foreldrar hafi sömu upplifun óháð hvaða kennara er rætt við.
6. Jötunheimar sækja um styrk hjá sprotasjóð varðandi lærdómssamfélagið.
7. Heilsueflandi leikskóli er í skoðun. Ýmsar góðar og heilsueflandi breytingar til góðs, tómatsósa út, sykurinn í kanil út, margvíslegir ávextir á öskudaginn o.fl. Ekki verið að fara yfir í heilsuleikskóla eins og þekkist á öðrum leikskólum hér í Árborg. Þetta verkefni er undir handleiðslu landlæknis. Hægt að skoða meira um heilsueflandi leikskóla á vef Landlæknis Íslands.
8. Farið yfir matseðla. Verða áfram mánaðarlegir fundir með matráðum Árborgar, farið yfir innkaup og tilboð og fiskidagar í samræmi við Sunnulækjarskóla.
9. Fjárhagsáætlun samþykkt.
10. Bílastæðamál. Sendur var undirskriftalisti frá foreldrum leikskólans. Gert er ráð fyrir nýjum bílastæðum í framkvæmd árið 2018.
11. Önnur atriði:
 - a. Komin litavesti á hverja deild sem hjálpar til við að sjá börn á hverri deild fyrir sig og eykur öryggi þeirra á leikvælinum.
 - b. Fyrirspurn frá yfirþjálfara körfuknattleiksdeildar FSU sem langar að færa leikskólanum (ásamt öðrum leikskólum í sveitarfélaginu) körfubolta. Leikskólastjóri veitir samþykki fyrir því fyrir hönd Jötunheima.
 - c. Mikið um langvarandi veikindi starfsmanna.
 - d. Endurskoðun á skólastefnu Árborgar sem rennur út núna er hafin.
 - e. Foreldraráð fari yfir áætlanir sem þarf á næsta fundi og hér eftir verði það á vorfundi en ekki haustfundi eins og áður.
 - f. Greint frá ferð leikskólans til Aberdeen í Skotlandi í apríl.